

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
nefnasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. apríl 2021

Efni: Umsögn Blindrafélagsins um frumvarp til laga um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda, 625. mál, þskj. 1082, 151. löggjafarþing 2020-2021.

Blindrafélagið fagnar hugmyndum um stafrænt pósthólf og aukna áherslu á stafræna þjónustu. Að því sögðu þykir ástæða til að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdom við frumvarpið.

Markmiðið með frumvarpinu er aukin áhersla á stafræna þjónustu. Með lagabreytingunni yrði meginboðleið stjórnvalda við einstaklinga og lögaðila stafræn og miðlæg á einum stað. Nánar segir í greinargerð með frumvarpinu að það heimili stjórnvöldum að senda gögn til einstaklinga og lögaðila stafrænt í meira mæli en nú er gert. Stefnt er að því að tryggja að réttaráhrif þess að gera gögn aðgengileg í pósthólfinu verði þau sömu og þegar gögn berast með bréfpósti eða öðrum hætti. Þegar gögn hafa verið gerð aðgengileg í pósthólfi viðtakanda teljast þau þar með birt viðtakanda sjálfum og tekur það til allra gagna, þ.m.t. tilkynninga, ákvarðana og ákvaða sem viðtakandi er bundinn af. Enn fremur kemur fram að eftir tiltekinn tíma muni öll gögn frá ríkisaðilum verða send í pósthólf einstaklinga og lögaðila og muni einstaklingar og lögaðilar bera ábyrgð á því að kynna sér þau gögn sem berast í þeirra pósthólf. Kjósi einstaklingur að fá gögn með öðrum hætti er gert ráð fyrir að birtingaraðila sé heimilt að innheimta gjald vegna þeirrar þjónustu.

Af 2. mgr. 1. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks leiðir að við veitingu þjónustu af hálfu ríkis og sveitarfélaga skuli taka mið af þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem íslensk stjórnvöld hafa gengist undir, þ. á m. samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Í 1. gr. þess samnings kemur fram að stefnt sé að því að fatlað fólk njóti allra mannréttinda og mannfrelsis til fulls og jafns við aðra. Auk þess þykir rétt að vísa til jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og 14. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Vísast einnig til almennra reglna um bann við mismunun á slíkum grundvelli. Skilyrði, viðmið eða ráðstöfun sem kemur verr við einstaklinga vegna sjónskerðingar samanborið við aðra einstaklinga felur í sér óbeina mismunun á grundvelli fötlunar í skilningi þessara reglna nema slíkt sé unnt að réttlæta á málefnalegan hátt með lögmætu markmiði og aðferðirnar til að ná þessu markmiði eru viðeigandi og nauðsynlegar. Blindrafélagið leggur með vísan til framangreinds áherslu á mikilvægi þess að tryggja aðgengi allra að þeim þjónustuleiðum sem vísað er til í frumvarpinu. Á það jafnt við um aðgengi að þeim stafrænu lausnum sem hýsa pósthólfið og að gögn sem lögð eru inn í stafrænt pósthólf séu fyllilega aðgengileg blindu og sjónskertu fólki.

Þær þjónustuleiðir sem vísað er til í frumvarpinu gera þeim aðilum sem glíma við sjónskerðingu erfiðara um vik en öðrum einstaklingum í annars sambærilegri stöðu að nálgast gögn í stafrænu pósthólfi. Athugasemdir Blindrafélagsins lúta því fyrst og fremst að því að samkvæmt frumvarpinu virðist engin skylda lögð á hið opinbera að tryggja að stafrænt pósthólf uppfylli lágmarkskröfur um aðgengi allra að því, þ.m.t. blindra og

sjónskertra. Varðandi aðgengi að stafræna pósthólfinu verður að gera þá lágmarkskröfu að tryggt sé að hönnun stafrænna lausna uppfylli kröfur staðla um rafrænt aðgengi, þ. á m. viðmið alþjóðlegu samtakanna W3C, WCAG (*Web Content Accessibility Guidelines*) staðalinn, sem tryggja á aðgengi að vefjum m.a. fyrir blinda, sjónskerta og aðra sem þurfa að nota hjálpartæki við lestur efnis og notkun vefja almennt. Á Íslandi hefur verið stuðst við WCAG 2.0 staðalinn í samræmi við yfirlýsingu stjórnvalda frá október 2012 um að opinberir vefir skuli uppfylla WCAG 2.0 AA frá og með 1. janúar 2015. Þá tekur tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2102 frá 26. október 2016 um aðgengileika vefsetra opinberra aðila og smáforrita þeirra fyrir snjalltæki sem fella ber inn í EES-samninginn samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/2021 frá 5. febrúar 2021 einnig til framangreindra aðgengismála. Samkvæmt tilskipuninni mun hvíla skylda á íslenska ríkinu til að tryggja aðgengi að opinberum vefjum, einkum fyrir fatlaða notendur. Kröfur þær sem tilskipunin gerir eru sambærilegar þeim kröfum sem leitast var við að uppfylla með aðgengisstefnu fyrir opinbera vefi sem ríkisstjórnin samþykkti í maí 2012. Telur Blindrafélagið með vísan til þess er að framan greinir að gera verði þá lágmarkskröfu að í lögnum séu skýr fyrirmæli um að allt efni sé á skráarsniði sem er lesanlegt með talgervli. Með þeim hætti verði uppfyllt framangreind skilyrði sem íslenska ríkið er skuldbundið til þess að uppfylla. Varðandi aðgengi leshamlaðra, þ.e. lesblindra þykir Blindrafélaginu rétt að benda sérstaklega á að það ætti að vera skylda að hægt sé að hlusta á efni sem lagt er inn í stafrænt pósthólf enda er slíkt auðvelt að útfæra og lausnirnar þekktar.

Þá sér Blindrafélagið sig sérstaklega knúð til þess að gera athugasemdir við 5. gr. frumvarpsins. Þar er lagt til að heimilt verði að innheimta gjald óski einstaklingar eða lögaðilar eftir því að fá gögn með öðrum hætti en í stafrænt pósthólf. Með þessu ákvæði er ekki tryggt að einstaklingar sem vegna fötlunar sinnar geta ekki nýtt sér stafrænt pósthólf bjóðist aðrar lausnir án aukakostnaðar. Þar með njóta slíkir aðilar ekki jafnræðis á við aðra. Telur Blindrafélagið að tryggja þurfi með lögnum að ef pósthólf reynist einhverjum ónothæft vegna fötlunar eða skorts á aðgengi, sé óheimilt að rukka notanda fyrir að fá gögn á annan hátt en í stafrænu pósthólfi.

Með hliðsjón af framangreindum ábendingum telur Blindrafélagið rétt að frumvarpið verði skoðað frekar. Þá lýsir Blindrafélagið sig jafnframt reiðubúið til að funda um efni þessarar umsagnar sé þess óskað.

Virðingarfyllst,
f.h. Blindrafélagsins



Sigbór U. Hallfreðsson,
formaður Blindrafélagsins